

341. fundur Skólanefndar FS

17. maí 2017



Mættir: Böðvar Jónsson, Ísak Ernir Kristinsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Jónína Magnúsdóttir, Kristín María Birgisdóttir, áheyrnarfulltrúinn Jón Gunnar Schram og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Fjármál.
 2. Greiðslur fyrir fundi.
 3. Stefnumörkun.
 4. Önnur mál.

1. Fjármál.

Skólameistari kynnti fjárhagsstöðu skólans en hún er nokkurn veginn í samræmi við heimildir og er útlit fyrir að hún verði það á þessu ári. Skólameistari kynnti einnig yfirlit yfir fjölda nemenda sem nú eru í grunnskólum á Suðurnesjum en miðað við það er útlit fyrir að nemendum í skólanum fækki lítillega næstu ár en þeim fari aftur að fjölga eftir u.þ.b. þrjú ár. Hins vegar er gert ráð fyrir að íbúum á svæðinu fjölgi á næstu árum en ekki er gert ráð fyrir því þessum spám.

2. Greiðslur fyrir fundi.

Rætt um greiðslur fyrir setu á skólanefndarfundum og ákveðið að formaður og skólameistari kanni það nánar og komi með tillögur en þá sé miðað við slíkar greiðslur í öðrum framhaldsskólum.

3. Stefnumörkun.

Rætt um vinnu við stefnumörkun og hver eigi að vera næstu skref skólanefndar í þeirri vinnu.

4. Önnur mál.

a) Skólameistari kynnti drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2017-2018. Þar verður prófadögum m.a. fækkað enda er símat að aukast og því ekki þörf á jafnmörgum prófadögum og verið hefur. Skólanefnd samþykkir skóladagatalið fyrir sitt leyti.

b) Skólinn varð í 3. sæti í flokka stórra ríkisstofnana í úttekt SFR á stofnun ársins. Skólinn hlaut titilinn Fyrirmyndarstofnun og var ein ellefu ríkisstofnana sem fékk þann titil. Skólanefnd fagnar þessari niðurstöðu og óskar stjórnendum og starfsmönnum til hamingju með hana.

c) Jón Gunnar lagði til að skoðað verði hvort skólinn eigi að taka upp kennslu varðandi fiskeldi, jafnvel í samstarfi við Fisktækniskólann í Grindavík. Skólameistari svaraði því til að Fisktækniskólinn væri að fara af stað með slíkt nám. Hann sagði einnig frá því að verið er að skoða möguleika á því að bjóða hér upp á grunnám í matreiðslu og skyldum greinum.

d) Búið er að bjóða út ræstingu og var ISS með lágsta tilboðið. Skrifað verður undir samning til tveggja ára á næstunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Böðvar Jónsson, formaður



Jóhann Friðrik Friðriksson


Kristín María Birgisdóttir


Kristján Ásmundsson


Ísak Ernir Kristinsson


Jónína Magnúsdóttir


Jón Gunnar Schram


Guðmann Kristþórsson, fundarritari